

**SAMÞYKKT bæjarstjórnar Fjarðabyggðar  
um útivistartíma barna og unglunga í Fjarðabyggð**

Börn á aldrinum 6-10 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulyðssamkomu.

Börn, 11 og 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 21.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulyðssamkomu.

Unglingar á aldrinum 13 til 16 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00 nema þeir séu á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulyðssamkomu.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna og unglunga samkvæmt 1., 2. og 3. gr. um tvær klukkustundir.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er unglingum á aldrinum 14 til 16 ára heimilt að vera á almannafæri til kl. 24.00 á föstudags- og laugardagskvöldum.

Aldursmörk í þessum reglum miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Reglur þessar eru settar með heimild í 57.gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, með síðari breytingum og oðlast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 20. janúar 2000.

Félagsmálaráðuneytið, 25. apríl 2000.